

Nd.

99. Nefndarálit

um frv. til l. um raforkuveitusjóð.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur fengið til meðferðar tvö frumvörp um sama efni, þ. e.:

1. Frv. til l. um rafveitulánasjóð (28. mál). Flm.: SkG o. fl.
2. Frv. til l. um raforkuveitusjóð (31. mál). Flm.: PO.

Þar sem frumvörp þessi eru mjög lík og stefna að sama marki, hefur nefndin rætt þau bæði samtímis og reynt að komast að samkomulagi um að gera úr þeim eitt frv., sem hún gæti mælt með, að gert yrði að lögum. Nefndin getur á það fallið, að sá sjóður, sem gert er ráð fyrir að stofna, verði nefndur raforkuveitusjóður, en í frumvarpi þm. Borgf. er sjóðnum valið það heiti. Hefur nefndin því ákveðið að flytja breytingartillögur sínar við það frumvarp, þótt það væri síðar fram borið, og taka í það þau atriði úr háðum frumvörpunum, sem meiri hluti nefndarinnar er sammála um að leggja til, að verði samþykkt.

Einn nefndarmanna, HG, er ósammála öðrum nefndarmönnum um einstök atriði frumvarpsins, og mun hann skila sérstöku álitum um málið.

Meiri hlutinn leggur til, að framlög ríkissjóðs til raforkuveitusjóðs verði ákveðin a. m. k. 100 þús. kr. árlega á næstu 10 árum. Þó vill meiri hlutinn mæla með því, að á þessu ári verði ákveðið hærra framlag til sjóðsins, og mun taka það til athugunar við afgreiðslu fjárlaganna.

Enn fremur er það tillaga meiri hlutans, að í lögum verði sett ákvæði um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán handa sjóðnum, að upphæð allt að 5 milljónum króna.

Samkvæmt framansögðu leggur meiri hluti nefndarinnar til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Síðari málsliður orðist svo: Tilgangur sjóðsins er að veita lán til að gera raforkuver og raforkuveitur á þeim stöðum, sem ekki hafa rafmagn frá vatnsaflsstöðvum, þegar lög þessi öðlast gildi.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
Tekjur sjóðsins eru:
 1. Framlög frá ríkissjóði, a. m. k. 100 þús. kr. árlega á næstu 10 árum.
 2. Árlegt gjald frá rafveitum, sem reistar hafa verið og reistar verða og hafa

vatnsafl til orkuframleiðslu. Skulu rafveiturnar greiða til sjóðsins eftir þessum reglum:

- a. Fyrstu 3 árin eftir að stöð er reist er hún gjaldfrjáls.
 - b. Næstu 5 árin greiðist 2 kr. á ári fyrir hvert kílóvatt í málraun rafals í hverri vélasamstæðu.
 - c. Önnur 5 árin greiðist 4 kr. á ári á sama hátt, og úr því 6 kr. á ári.
Gjald þetta greiðist þó ekki af vélasamstæðum, sem hafa minna afl en 150 kw.
3. Vextir af sjóðnum, er leggjast við höfuðstólinn.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
Gjöld þau, er um getur í 2. lið 2. gr., skulu greiðast raforkuveitusjóði 31. des. ár hvert, og fylgir þeim lögtaksréttur.
4. Á eftir 3. gr. komi ný grein, er verður 4. gr., svo hljóðandi:
Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán, allt að 5 millj. króna, handa raforkuveitusjóði, til stuðnings þeirri starfsemi, sem honum er ætluð samkvæmt lögum þessum.
5. 4. gr. verði 5. gr.
6. Við 5. gr., er verði 6. gr.:
1. Í stað „30 ár“ komi: 23 ár.
2. Í stað „5 ár“ komi: 3 ár.
7. Við 6. gr., er verði 7. gr. Greinin orðist svo:
Til tryggingar fyrir lánum úr raforkuveitusjóði skal vera:
1. Orkuverið og orkuveitan, sem lán er veitt til, með öllum réttindum.
2. Aðrar þær tryggingar, er stjórn sjóðsins metur gildar.
8. 7. gr. verði 8. gr. og hljóði þannig:
Raforkuveitusjóður er undanþeginn tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis, sveitar- og bæjarfélaga.
9. 8. gr. verði 9. gr. og orðist svo:
Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um sjóðinn og rekstur hans.
10. 9. gr. verði 10. gr.

Alþingi, 26. marz 1941.

Sveinbjörn Högnason,
form.

Jón Pálmason,
fundaskr.
St. Stefánsson.

Skúli Guðmundsson,
frsm.